


LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2019-2020

ÁRSREIKNINGUR 2019



Ársskýrsla Landgræðslusjóðs 2020

Góðir félagar.

Með hækkandi sól kemur fiðringur í kroppinn hjá skógræktarfólki og spenna fyrir komandi sumri, hvernig koma plönturnar undan vetri og hvaða verkefni eigum við að framkvæma næsta sumar. Það er ekki nóg, við þurfum líka fjármagn til að framkvæma og þá er gott að hafa aðgang að sjóði eins og Landgræðslusjóði. Það er ekki auðvelt að ávaxta sparifé í dag að einhverju ráði, vextir lágir og mikil vinna og þekking við að fylgja fjármagninu eftir. Þess vegna notum við okkur bankaþjónustu Arionbanka, bankans sem við erum stödd hjá í dag, en þeir hafa oft stutt við bakið á okkur gegnum tíðina. Þegar ávöxtunin er góð erum við glöð og það vorum við í vor.

Stjórn

Stjórn skipa Þuríður Yngvadóttir, sem er formaður sjóðsins, Jónatan Garðarsson formaður Skógræktarfélags Íslands, Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri, sem er varaformaður, Árni Bragason Landgræðslustjóri, sem er ritari og Lydía Rafnsdóttir, kosin af Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands til eins árs og Jens Benedikt Baldursson til vara. Stjórnarfundir hafa verið tveir en ástandið í þjóðfélaginu hefur ekki boðið upp á nán samskipti svo við höfum átt meiri samskipti á netinu.

Ársreikningur

Helstu lykiltölur úr ársreikningi fyrir 2019 eru þær að rekstrartekjur voru 551.226 kr. og fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld voru 21.733.980 kr., Rekstrargjöld voru 29.992.883 kr. Afkoma fyrir úthlutun var 19.292.322 kr.

Heimilt var að úthluta samkvæmt skipulagsskrá að hámarki 90%, þ. e. 17.363.009 kr.

Meðalstaða vaxtaberandi eigna á árinu var 338.311.632 kr.

Ávöxtun 10,69%, verðbætur 2,85%, raunávöxtun 7,84%.

Stjórnin ákvað að geyma um 20% af ávöxtuninni til „kreppuáranna“ því það er vont að vera ekki með neina úthlutun eins og í fyrra.

20% af ráðstöfunartekjunum eru 3.472.618 kr. og því endanleg tala til ráðstöfunar þetta árið 13.890.472 kr.

Tilkynning var send á alla formenn skógræktarfélaganna. Umsóknir voru 20 og sóttu sum félög um marga styrki en fengu einn. Úthlutað var til fjórtán félaga góðum upphæðum.

Samkvæmt síðustu upplýsingum frá bankanum eru raunvextir um 2,8% þannig að útlitið er ekki slæmt fyrir næsta ár enn sem komið er en Covid19 hefur heilmikil áhrif en við vonum það besta og þið getið alveg farið að hugsa um framkvæmdir næsta sumars.

Fræbanki

Í Fræbankanum eru rúmlega 5 milljónir. Í vor kom fyrirspurn um styrkveitingu frá Skógræktinni til ferðar til Taraldseyju í Noregi en þar er frægarður með furu sem við höfum sótt í en Norðmenn vilja fella trén og ljúka verkefninu. Covid19 setti þar strik í reikninginn og var málinu frestað til næsta árs.

Hjálmarssjóðurinn

Sjóðurinn er nær tómur, búið er að úthluta og framkvæma fyrir allt fjármagn í honum. Honum verður lokað fyrir áramót.

Jarðir

Ingunnarstaðir í Brynjudal er mjög langsótt mál þar sem um er að ræða ábúanda sem er mjög fullorðin og er að draga saman seglin en það tekur allt sinn tíma en mjakast þó í jákvæða átt.

Dalurinn sjálfur hefur fengið miklar heimsóknir í ár, í vor var grein í Morgunblaðinu um gönguleiðir fyrir fjölskyldur um dalinn og fólk hefur notfært sér það enda stutt að fara og dalurinn yndislegur.

Langibotn í Geirþjófsfirði hefur fengið mikla athygli hjá Umhverfisstofnun og vilja þeir gera hann að þjóðgarði. Lögð hefur verið mikil vinna í að verja hag

sjóðsins og enn þá eru ekki komin nein endanleg svör, en hluti stjórnar Landgræðslusjóðs og stjórnar Skógræktarfélags Íslands, ásamt nokkrum starfsmönnum Skógræktarfélagsins fóru með fasteignasala um síðustu helgi til að veða og meta hús og land, skoða skóginn og ræða við leigjendur sem voru á staðnum. Málið snýst um að selja ráðuneytinu jörðina fyrir sanngjarnt verð, eða skipta við þá um jörð til langtímaleigu og fá Kolvið til að planta í það land. Málið er flókið og viðkvæmt og ráðuneytið sækir fast.

Lokaorð

Það var mér mikil ánægja að greiða út allt þetta fjármagn til skógræktarfélaganna í sumar en mörg eru ekki búin og ég vona að þau sendi inn skýrslu bráðlega. Það er þó nokkur frestur en annars er bara að hafa samband. Einhverjir hringdu og höfðu ekki áttað sig á tímarammanum og voru of seinir. Fylgist því vel með póstinum í mars, apríl því það er ekki hægt að úthluta eftir á.

Nú haustar og eftir gott sumar er gott fræár, þá er tími til að bretta upp ermar og fara að tína fræ. Þetta er skemmtileg vinna og góður endir á góðu sumri fyrir skógræktarfolk. Gangi ykkur vel.

Þuríður Yngvadóttir,
formaður Landgræðslusjóðs.

Landgræðslusjóður

Ársreikningur 2019

Landgræðslusjóður
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík
kt. 710169-1609
Númer í sjóðskrá 1401

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8
Fylgiskjal nr. 1	10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landgræðslusjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landgræðslusjóðs fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Landgræðslusjóði í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Landgræðslusjóðs. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Áritun óháðs endurskoðanda

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
 - Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
 - Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
 - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
 - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Garðabæ, 20. mars 2020

Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.



Eymundur Sveinn Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Rekstur ársins 2019

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á rekstrarárinu að ljárhæð 27,9 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 404,5 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Visað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitanesku er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2019, efnahag 31. desember 2019 og breytingu á eigin fé á árinu 2019 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Landgræðslusjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni

Reykjavík, 20. mars 2020

Stjórn:



Þuridur Yngvadóttir

kt. 110652-4459

Reykjun 5, 271 Mosfellsbær



Þróstur Eysteinnsson

kt. 230855-5019

Höfða, 701 Egilsstaðir



Lyda Rafnsdóttir

kt. 291160-2129


Éiriksbrú, 356 Snæfellsbær



Áni Bragason

kt. 150753-4229

Gunnarsholti, 851 Hella



Jonatan Gardarsson

kt. 080255-4469

Louási 2, 221 Hafnarfirði

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrartekjur			
Styrkir og gjafir		8.000	42.500
Húsaleigutekjur		239.955	983.058
Tekjur af eignarhlutum		273.000	262.500
Bóksala		30.271	22.516
		<u>551.226</u>	<u>1.310.574</u>
Rekstrargjöld			
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá		0	9.865.000
Aðrar styrkveitingar		1.113.350	750.000
Kostnaður vegna fasteigna	5	944.300	957.525
Annar kostnaður	6	2.048.583	1.916.311
		<u>4.106.233</u>	<u>13.488.836</u>
Tap ársins fyrir fjármagnsliði		<u>(3.555.007)</u>	<u>(12.178.262)</u>
Fjármagnsliðir			
Tekjur af verðbréfum og hlutabréfum		12.404.001	13.272.427
Breyting á gengi hlutabréfa		5.973.126	(4.143.647)
Breyting á gengi verðbréfa		15.481.327	(2.930.731)
Fjármagnsgjöld		(179.433)	(13.424)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(2.256.343)	(2.475.741)
		<u>31.422.678</u>	<u>3.708.884</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>27.867.671</u>	<u>(8.469.378)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr	2019	2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir	2,7,8	49.827.500	49.890.500
		<u>49.827.500</u>	<u>49.890.500</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum	9	31.966.541	46.085.188
Verðbréfaeign	9	312.757.867	277.229.118
		<u>344.724.408</u>	<u>323.314.306</u>
Fastafjármunir samtals		<u>394.551.908</u>	<u>373.204.806</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		2.023.948	3.406.017
Handbært fé		8.267.536	317.014
		<u>10.291.484</u>	<u>3.723.031</u>
Eignir samtals		<u>404.843.393</u>	<u>376.927.837</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2019

Eigið fé og skuldir	Skýr	2019	2018
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	10	404.511.081	376.706.410
		<u>404.511.081</u>	<u>376.706.410</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		332.312	221.427
		<u>332.312</u>	<u>221.427</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>404.843.393</u>	<u>376.927.837</u>

Skuldbindingar utan efnahags 12,13

Sjóðstreymi 31. desember 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins	10	27.867.671	(8.469.378)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur verðbréfa		(21.454.453)	7.074.378
Hreint veltufé frá rekstri		<u>6.413.218</u>	<u>(1.395.000)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		1.382.069	(864.695)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		110.885	(382.403)
		<u>1.492.954</u>	<u>(1.247.098)</u>
Handbært fé frá rekstri		7.906.172	(2.642.098)
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréf breyting		44.351	5.941.695
Fjárfesting í fastafjármunum		0	(3.289.000)
		<u>44.351</u>	<u>2.652.695</u>
Breyting á handbæru fé		7.950.523	10.597
Handbært fé í byrjun tímabils	5	317.014	306.417
Handbært fé í árslok		<u>8.267.536</u>	<u>317.014</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Fastafjármunir

Fasteignir eru færðar til eignar á fasteignamati og er matsbreytingin færð yfir eigið fé. Afskriftir eru ekki reiknaðar.

3. Verðbréfaeign

Sjóðurinn hefur gert samkomulag við Arion banka hf. um eignastýringu. Skráð verðbréf í eigu sjóðsins eru eignfærð á markaðsvirði í árslok. Skattur af fjármagnstekjum er gjaldfærður við greiðslu.

4. Handbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

Sundurliðanir

5. Kostnaður vegna fasteigna greinist þannig	2019	2018
Viðhald og rekstur húsnæðis	282.917	355.417
Fasteignagjöld	629.756	572.081
Tryggingar	31.627	30.027
	<u>944.300</u>	<u>957.525</u>
6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig	2019	2018
Laun	500.000	500.000
Launatengd gjöld	79.920	34.250
Sími, burðargjöld og skrifstofukostnaður	12.799	47.295
Ökutækjastyrkur	57.276	59.400
Eignastýringar- og fjárvörsluþóknun	679.430	610.855
Aðkeypt þjónusta	558.550	624.541
Þinglýsing	140.888	0
Annar kostnaður	19.720	39.970
	<u>2.048.583</u>	<u>1.916.311</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og endurmat ársins 2019 greinist þannig:

	Húseignir Reykjavík	Hrísarkot Ingunnarstaðir	Langi-Botn	Samtals
Bókfært verð 1.1.	26.600.000	15.669.500	7.621.000	49.890.500
Breyting fasteignamats	500.000	(484.000)	(79.000)	(63.000)
Kostnaðarverð 31.12.	<u>27.100.000</u>	<u>15.185.500</u>	<u>7.542.000</u>	<u>49.827.500</u>

8. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat mannvirkja nam samtals 43,4 millj. kr., hlunninda 1,6 millj. kr. og lóða 7,6 millj. kr. í árslok 2019. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samtals 70,4 millj. kr.

Skýringar

9. Verðbréf

Verðbréfaeign greinast þannig:	2019	2018
Lán til Skógræktarfélags Íslands, óverðtryggt, 5% fastir vextir	33.531.797	33.531.797
Skráð verðbréf	279.226.070	243.697.321
Verðbréfaeign samtals 31.12.	<u>312.757.867</u>	<u>277.229.118</u>
Innlend hlutabréf	21.064.528	35.463.420
Erlend hlutabréf	10.902.013	10.621.768
Hlutabréf samtals 31.12.	<u>31.966.541</u>	<u>46.085.188</u>

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning	2019	2018
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	376.706.410	377.887.038
Endurmat fasteigna sbr. skýring 7	(63.000)	7.288.750
Rekstrarniðurstaða ársins	27.867.671	(8.469.378)
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>404.511.081</u>	<u>376.706.410</u>

11. Tengdir aðilar

Stjórn er skilgreind sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila, þar með talið Skógræktarfélag Íslands.

Landgræðslusjóður hefur átt viðskipti við tengda aðila. Sjóðurinn lánaði Skógræktarfélagi Íslands 87,5 millj.kr. í árslok 2011. Lánið er til 25 ára, óverðtryggt og ber fasta 5% vexti.

12. Skuldbinding vegna fjármagnstekna

Skuldbinding vegna fjármagnstekna myndast vegna þess að verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði en fjármagnstekjuskattur greiðist við innlausn verðbréfanna sem 22% af mismun söliverðs og stofnverðs. Skuldbindingin nam samtals 21 millj. kr. í árslok 2019.

13. Skuldbindingar utan efnahags - styrkloforð

Landgræðslusjóður hefur samþykkt að styrkja ýmis skógræktarfélög í landinu og nemur skuldbinding vegna þessa 1,8 millj. kr. í árslok 2019. Stefna Landgræðslusjóðs er að færa til gjalda styrki þegar þeir eru greiddir vegna óvissu um hvort styrkþegi komi til með að nýta sér þá. Styrkirnir verða því gjaldfærðir og greiddir þegar styrkþegi hefur skilað inn til sjóðsins skriflegri greinargerð um framgang verkefnisins og kostnað.

14. Önnur mál

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu Fræbanka Landgræðslusjóðs á árinu 2019. Landgræðslusjóður hefur umsjón með rekstri Fræbanka, en hlutverk hans er að fjármagna kaup á trjáfræum til skógræktar. Í árslok námu eignir Fræbankans um 5,3 millj. kr., en þær eru ekki færðar í efnahagsreikningi Landgræðslusjóðs.

Rekstrarreikningur ársins 2019

	2019	2018
Úthlutanir		
Úthlutun úr Fræbanka	0	(400.000)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur	1.961	76.889
Breyting á gengi sjóða	429.401	73.536
Eignastýringarþóknun	(9.480)	(8.919)
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(425)	(16.902)
	<u>421.457</u>	<u>124.604</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>421.457</u>	<u>(275.396)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	2019	2018
Eignir		
Verðbréfaeign	5.264.342	4.834.941
Bankainnistæður	66.429	74.373
	<u>5.330.771</u>	<u>4.909.314</u>
Eignir samtals	<u>5.330.771</u>	<u>4.909.314</u>
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	4.909.314	5.184.710
Rekstrarniðurstaða ársins	421.457	(275.396)
	<u>5.330.771</u>	<u>4.909.314</u>
Eigið fé samtals	<u>5.330.771</u>	<u>4.909.314</u>